

Þriðjudaginn 20. desember 1994.

Nr. 361/1994.

**Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)  
gegn

**Baldri Gunnari Ásgeirssyni**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Svipting ökuréttar.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarinn Garðar Gíslason, Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari, og Björn P. Guðmundsson prófessor.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, og var því af hálfu ákærvalds skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 2. ágúst 1994. Krefst ákærvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Ákærði krefst sýknu af öllum kröfum ákærvalds.

Pegar litið er til gagna málsins, einkum lögregluskýrslu, ljósmynda og uppdráttar af vettvangi, þykir varhugavert að telja sann að gegn neitun ákærða, að er hann hóf framúraksturinn og ók yfir á gagnstæðan vegarhelming, hafi hann eingöngu ekið yfir óbrotna línu, hindrunarlínu. Telst því einvörðungu sannað með framburði hans og gögnum málsins, að hann hafi ekið bifreið sinni yfir akreinalínu, sem máluð var samhliða hindrunarlínunni.

Pegar ákærði hóf framúraksturinn, var hann aftastur í röð fjögurra bifreiða, og var mjög stutt á milli þeirra. Við þessar aðstæður freistaði ákærði þess að aka fram úr bifreiðunum þremur og ók því yfir á gagnstæðan vegarhelming, þrátt fyrir það að hann hafði ekki næga yfirsýn yfir veginn fram undan, með þeim afleiðingum, sem í ákæru greinir. Var þessi akstur gáleysislegur og vítaverður, eins og aðstæðum var háttað, en á þessum vegarkafli á Vesturlandsvegi eru blindbeygjur og vegurinn hæðóttur. Varðar háttsemi ákærða við tilgreind lagaákvæði í ákæru, en þó hefur þar láðst að vísa til umferðarlaga nr. 50/1987, þar sem skírskotað er til 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. laganna.

Fallist er á ákvæði héraðsdóms um varðhald og sviptingu ökuréttar ákærða svo og sakarkostnað.

Ákærði varð sjálfur fyrir alvarlegu heilsutjóni við áreksturinn. Þykir mega líta til þess við ákvörðun sektar á hendur honum, og telst hún hæfilega ákveðin 100.000 krónur. Skal sektin renna í ríkissjóð, og komi 30 daga varðhald í hennar stað, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

#### D ó m s o r ð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um varðhald, sviptingu ökuréttar og sakarkostnað í héraði eiga að vera öröskuð.

Ákærði, Baldur Gunnar Ásgeirsson, greiði 100.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlauð skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Skarphéðins Þórissonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

#### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. júní 1994.**

Ár 1994, föstudaginn 24. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 415/1994: Ákærvaldið gegn Baldri Gunnari Ásgeirssyni, sem tekið var til dóms 22. þ. m.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 6. júní sl., á hendur ákærða, Baldri Gunnari Ásgeirssyni, Fornuströnd 4, Seltjarnarnesi, kt. 080842-2609.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa fimmtudaginn 10. júní 1993 á leið sinni vestur þjóðveg nr. 1 í Þyrilshlíð í Hvalfirði í framúrakstri ekið bifreiðinni G-9556 svo óvarlega yfir gula hindrunarlínu, að hann lenti í árekstri við bifreiðina JC-747, sem kom á móti, með þeim afleiðingum, að tveir menn slösuðust. Ökumaður bifreiðarinnar JC-747, Einar Árni Pálsson, fæddur 17. júní 1972, hlaut eftirtalin meiðsl: Görn fór í sundur til hálf, og innihald lak út í kviðarhol, talsvert mar innvortis, lítils háttar mar á heila, tvísýni, dofi í hægri kinn, og kvarnaðist úr beini á hægri rist. Farþegi í framsæti bifreiðarinnar G-9556, Þórunn Ólafsdóttir, fædd 10.

október 1944, eiginkona ákærða, hlaut brot á fjórum ristarbeinum, II–V, hægra megin, og varð að nema brott hluta af ristarbeini IV, mar á brjóst-kassa, og smáflís losnaði úr bringubeini.

Telst þetta varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vegna meiðsla beggja og 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 5. gr., sbr. 1. mgr. 15. gr., sbr 13. gr. reglugerðar nr. 341/1989 um umferðarmerki og notkun þeirra, sbr. 1. mgr. 84. gr., a-lið 2. mgr. 20. gr. og 2. mgr. 22. gr., sbr 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar öku-réttar samkvæmt 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993“.

### *Málavextir.*

Fimmtudaginn 10. júní 1993 klukkan 15.34 var lögreglunni í Borgarnesi tilkynnt um mjög harðan árekstur tveggja bifreiða, sem orðið hafði á þjóð-vegi nr. 1 við svokallaðar Kleifar í Þyrilshlíð í Hvalfirði, um 2,5 km vestan við Botnsskála. Jafnframt var tilkynnt um þrjá aðila mikið slasaða.

Tveir lögreglumenn fóru á vettvang. Annar þeirra kvaddi áður til sjúkra-bifreið og lækni frá Akranesi og hafði samband við Landhelgisgæsluna og óskaði eftir því, að þyrila yrði höfð í viðbragðsstöðu. Hinn lögreglumað-urinn tók með sér vökvaklippur, sem síðar voru notaðar til þess að losa ákærða, Baldur Gunnar Ásgeirsson, sem var ökumaður annarrar bifreiðar-innar, frá sæti sínu. Klukkan 16.03 var óskað eftir, að Landhelgisgæslan sendi þyrilu á vettvang.

Þegar lögregla úr Borgarnesi kom á vettvang, voru komnir þangað tveir lögreglumenn úr Reykjavík og sjúkrabifreiðar frá Akranesi. Þarna höfðu rekist saman fólksbifreiðarnar G-9556 og JC-747, hin fyrrnefnda af Buick-gerð, en hin af gerðinni Toyota. Hafði bifreiðinni G-9556 verið ekið vestur þjóðveginn, en bifreiðinni JC-747 austur hann. Varð áreksturinn, þegar ákærði ók bifreiðinni G-9556 yfir á öfugan vegarhelming og í veg fyrir hina bifreiðina, en í henni var ökumaðurinn, Einar Árni Pálsson, einn, en auk ákærða var í bifreið hans eiginkona hans, Þórunn Ólafsdóttir, sem sat í framsæti við hlið hans.

Þegar lögreglumennirnir komu á vettvang, var verið að flytja eiginkonu ákærða í sjúkrabifreið, og var hún flutt í sjúkrahúsið á Akranesi, og þangað var ákærði einnig fluttur, eftir að vinstri hurðarstafur bifreiðar hans hafði verið sagaður laus og vökvaklippur notaðar á vinstra framsæti til þess að losa hann úr sæti sínu. Ökumaður bifreiðarinnar JC-747, Einar Árni Pálsson, var fluttur með þyrilu á Borgarspítalann í Reykjavík.

Aðstæður á vettvangi eru þær, þegar ekið er vestur þjóðveg nr. 1 í Þyrils-

hlíð í Hvalfirði, að talsvert er um blindhæðir og blindbeygjur. Um 160 metra austan við slystaðinn er klettasnös, sem veldur blindbeygju, og er hindrunarlína máluð þar á veginn, og liggur hún fram hjá slystaðnum, en 11 metrum fyrir austan hann, mælt frá afturenda bifreiðar ákærða, var upphaf akreinalínu, sem máluð var þar samhliða hindrunarlínunni, en akreinalínan var hægra megin við hindrunarlínuna miðað við akstursstefnu ákærða. Var það ágiskun annars lögreglumannanna frá Akranesi, að ákærði hefði að öllum líkindum hafið framúrakstur, áður en hann kom að þeim stað, þar sem akreinalínan byrjaði.

Fjögur vitni gáfu sig fram á vettvangi, en hvorki voru tekin af þeim skýrslur við rannsókn málsins né var óskað eftir því við meðferð þess fyrir dómnum, enda vart þörf á því, þar sem ljóst er af uppdrætti og myndum, hvernig áreksturinn bar að.

Þegar slysið gerðist, var bjart og malbikað yfirborð vegarins þurrt. Bifreiðarnar skemmdust mjög mikið. Ekki var hægt að ræða við ákærða og hinn ökumanninn á vettvangi vegna þess, hversu mikið þeir voru slasaðir.

Meiðsli ökumanns bifreiðarinnar JC-747 og eiginkonu ákærða eru ræki-lega rakin í ákæru í samræmi við læknisvottorð.

Við þingfestingu málsins lýsir ákærði yfir, að hann kannist ekki við að hafa ekið óvarlega yfir gula hindrunarlínu umrætt sin. Hann skýrir svo frá slysinu við meðferð málsins, að hann hafi ekið fólksbifreiðinni G-9556 nokkru eftir hádegi fimmtudaginn 10. júní f. á. um Vesturlandsveg í Hvalfirði á leið í Borgarfjörð. Þegar ákærði ók inn fjörðinn að sunnanverðu, var hann á eftir tveimur bifreiðum á sömu leið og um 200 metrar á milli bifreiðanna, sem allar voru á um 80 km hraða. Þegar ekið var yfir brúna á Botnsá, minnkaði hraðinn, og bilið á milli bifreiðanna styttist. Þegar komið var fram hjá Botnsskála, var hraði bifreiðanna kominn í 50–70 km hraða, þar sem hægja þurfti ferðina vegna þriggja bifreiða, sem þarna voru fyrir framan. Bifreiðarnar tvær, sem verið höfðu á undan ákærða, komust fljótlega fram úr bifreiðunum þremur, og var ákærði þá orðinn síðastur í fjögurra bifreiða röð og bilið á milli bifreiðanna mjög lítið. Ákærði beið færís til framúraksturs og fylgdist með bifreiðum, sem komu á móti, og þegar hann hafði mætt tveimur bifreiðum, hóf hann framúrakstur og var í upphafi hans á 50–55 km hraða. Taldi ákærði þetta óhætt og ók yfir á öfugan vegarhelming og jók um leið ferðina. Þegar ákærði var kominn á móts við aftasta hluta öftustu bifreiðarinnar, sem hann ætlaði að aka fram úr, sá hann bifreið koma á móti. Ákærði hafði séð veginn örstuttu áður hindrunarlausan og kann ekki skýringu á því, hvers vegna hann sá ekki umrædda bifreið, en bifreið ákærða og hún skullu saman með framendana, og varð áreksturinn

mjög harður. Ákærði kveðst hafa stigið á hemlana, en honum er kunnugt um, að engin hemlafi voru eftir bifreið hans, og hefur hún því væntanlega ekki náð að festa hjólin, áður en áreksturinn varð. Ákærði telur, að hann hafi byrjað framúraksturinn á akreinalínunni á veginum, en ekki á hindrunarlínunni, og kveðst hann hafa séð útsýnið opnast um veginn og taldi óhætt að aka fram úr.

Ákærði kveðst vera kunnugur á þessum slóðum og hafði oft ekið þennan veg, áður en slysið varð. Hann telur mögulegt, að stór jeppi, sem var á undan bifreiðinni, sem ákærði lenti í árekstri við, hafi byrgt sér sýn og hann því ekki séð bifreiðina.

Ákærði segir konu sína hafa náð sér að fullu a. ö. l. en því, að bein hafi verið tekið úr fæti hennar.

Í læknisvottorði um meiðsl Einars Árna segir, að honum hafi heilsast býsna vel eftir aðgerðina, sem gera þurfti á honum, og útskrifaðist hann talsvert slappur af sjúkrahúsi 22. júní f. á. Talið var líklegast, að hann myndi jafna sig til fulls.

Lögreglumaður hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík hefur eftir Einari Árna í símtali 31. maí sl., að hann hafi verið frá vinnu þar til 10. september sl., þ. e. í þrjá mánuði, og gengi hann enn reglulega til lækni og væri slæmur í ristinni, sem flísaðist úr beini. Þá kvaðst Einar Árni vera mjög slæmur í baki eftir slysið og hefði gengið til lækni af þeim sökum, og væri ákveðið að skera sig upp við bakmeiðslunum í haust. Kvaðst Einar Árni hafa kvalir í baki daglega, og segja mætti, að hann losnaði ekki við verk úr bakinu.

### *Niðurstöður.*

Með framburði ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað þrátt fyrir neitun hans, að hann hafi ekið óvarlega yfir gula hindrunarlínu á leið sinni um Þyrilshlíð í Hvalfirði, en það leiddi til þess, að hann lenti í árekstri við bifreiðina JC-747, sem kom á móti, með þeim afleiðingum, sem frá greinir í ákæru og læknisvottorðum. Er þessi háttsemi ákærða rétt færð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði gekkst fimm sinnum á árunum 1963–1977 með dómsátt undir að greiða sektir, þrívægis fyrir brot á tollalögum, einu sinni fyrir ökuhraða og einu sinni fyrir ölvunarakstur. Hann var dæmdur í desember 1987 fyrir brot á tollalögum og áfengislögum, en ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið í 2 ár. Ekkert þessara mála skiptir máli við ákvörðun refsingar ákærða í máli þessu.

Við ákvörðun refsingar ákærða er til þess að líta, að brot ákærða er mjög

alvarlegt og olli miklum meiðslum. Var hending ein, að ekki hlaust af því mannsbani. Með hliðsjón af þessu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 2 mánuði, en eftir atvikum þykir mega ákveða, að fresta skuli fullnustu refsingarinnar og niður skuli hún falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá skal ákærði greiða 200.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna, en sæta ella varðhaldi í 30 daga í stað sektarinnar.

Eins og fram er komið, er brot ákærða mjög alvarlegt, og telst akstur hans umrætt sinn mjög vítaverður. Eru því skilyrði til þess að svipta ákærða ökurétti, svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt lagaákvæði því, er þar greinir. Þykir hæfilegt að svipta ákærða þessum rétti í 2 ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 25.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Skarphéðins Þórissonar hæstaréttarlögmanns, og 15.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Þorsteinn Skúlason deildarlögfræðingur flutti málið af hálfu ákærvaldsins.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Baldur Gunnar Ásgeirsson, sæti varðhaldi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Þá greiði ákærði 200.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en sæti ella varðhaldi í 30 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti í 2 ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 25.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Skarphéðins Þórissonar hæstaréttarlögmanns, og 15.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs.